

Aðalfundur Vatns- og fráveitufélags Íslands 2021

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 6. maí kl. 13:00 og var boðaður með tölvupósti til félagsmanna þann 28. apríl 2021 með dagskrá samkvæmt lögum félagsins.

Fundurinn var vegna aðstæðna í samfélaginu haldinn sem fjarfundur.

Formaður Vatns- og fráveitufélagsins setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna.

Hún lagði til Sigurður Grétar Sigmarsson yrði skipaður fundarstjóri og Baldur Dýrfjörð fundarritari. Var það samþykkt samhljóða. Fundarstjóri þakkaði traustið fyrir sína hönd og fundarritara.

Fundarstjóri byrjaði á því að kanna hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboðun og þá aðferð að halda fundinn í fjarfundi. Svo var ekki og var nú gengið til dagskrár.

Fundarstjóri kynnti dagskrá aðalfundarins svo hljóðandi

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Reikningar félagsins fyrir næst liðið fjárhagsár
3. Kosningar
 - a. kosning formanns
 - b. kosning annarra stjórnarmanna
 - c. kosning skoðunarmanns reikninga
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun um félagsgjöld
6. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf formanni VAFRÍ Hrund Andradóttur orðið og flutti hún skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár (skýrslu stjórnar er skeytt við fundargerð þessa). Engar fyrirspurnir komu um skýrsluna og enginn tók til máls um hana.

2. Reikningar félagsins

Fundarstjóri gaf gjaldkera félagsins, Hlöðver Stefáni Þorgeirssyni, orðið og fór hann yfir reikninga félagsins fyrir liðið starfsár. Fram kom að nokkur eign hefur safnast hjá félaginu sem m.a. skýrist af því að ekki hefur verið hægt að fara kynnisferðir né hægt að halda fundi nema á netinu og því hefur hefðubundinn kostnaður vegna ferða og funda (kaffi, veitingar o.fl.) fallið niður á liðnu ári. Niðurstöðutölur ársreikning eru þær að tekjur eru kr. 294.000 og gjöld eru kr. 6.536. Vaxtatekjur eru kr. 532, rekstrarniðurstaða ársins er því kr. 291.272. Eignir félagsins nema samtals kr. 1.215.598

Fundarstjóri kallaði eftir fyrirspurnum um reikninga félagsins og gaf orðið laust um þá. Enginn tók til máls.

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

3. Kosningar

a) Kosning formanns

Fram kom að Hrund Andradóttir gefur ekki kost á sé til áframhaldandi formennsku en gefur kost á sér í stjórn. Einnig kom fram að Hlöðver Stefán Þorgeirsson gefur kost á sér í formennsku. Fundarstjóri kallaði eftir því hvort fleiri gefi kost á sér. Svo er ekki. Hlöðver Stefán Þorgeirsson er því réttkjörinn formaður Vatns- og fráveitufélags Íslands.

b) Kosning annarra stjórnarmanna

Í stjórn til tveggja ára voru á síðasta aðalfundi kjörin Hrund Andradóttir, Baldur Dýrfjörð, Sigurður Grétar Sigmarsson og Hlöðver nýkjörinn formaður. Því þarf að kjósa um eitt stjórnarsæti. Sigrún Tómasdóttir sérfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur gefur kost á sér. Fundarstjóri kallaði eftir fleiri framboðum en fleiri gáfu ekki kost á sér. Sigrún er því réttkjörin til næstu tveggja ára.

c) Kosning skoðunarmanns reikninga

Hilmar sigurðsson gefur ekki kost á sér áfram. Brynjólfur Björnsson gaf kost sér. Enginn annar gaf kost á sér og er því Brynjólfur Björnsson réttkjörinn skoðunarmaður reikninga

4. Lagabreytingar

Engar tillögur eru til lagabreytinga.

5. Ákvörðun félagsgjalda

Stjórn leggur til að félagsgjöld verði óbreytt. Fundarstjóri kallaði eftir öðrum tillögum. Engar komu fram og telst tillaga um óbreytt gjöld því samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

Umræða var um mikilvægi þess að vinna áfram að fræðslu- og kynningarmálum um vatns- og fráveitumál og þá sérstaklega með það að markmiði að aðgegni að upplýsingum geti orðið miðlægara en nú er. Rætt var um möguleika á samstarfi og kynnisferðum til erlendra samstarfsaðila o.fl. Ný stjórn muin taka þessi mál til skoðunar.

Fleira ekki gert og aðalfundi slitið kl. 13:25

